



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 1/2014

Drög að reglum um tryggilega varðveislu fjármuna greiðslustofnana

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 6. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

20. febrúar 2014

REGLUR

um tryggilega varðveislu fjármuna greiðslustofnana.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um greiðslustofnanir sem fengið hafa leyfi til starfrækslu greiðsluþjónustu skv. II. kafla laga um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011.

2. gr. *Skylda til að varðveita fjármuni með tryggilegum hætti.*

Greiðslustofnun sem veitir einhverja þá þjónustu sem talin er upp í 4. gr. laga um greiðsluþjónustu skal varðveita fjármuni sem hún hefur tekið við frá notendum greiðsluþjónustu eða öðrum greiðsluþjónustuveitanda með tryggilegum hætti. Varðveisla fjármuna greiðslustofnana skv. þessari grein telst tryggileg ef hún samræmist ákvæðum 3. og 4. gr. eða 5. gr. þessara reglna.

3. gr. *Fjárhagslegur aðskilnaður.*

Fjármuni sem greiðslustofnun tekur við frá einstaklingum eða lögaðilum skal aðskilja frá eigin fé greiðslustofnunar. Fjármunir sem móttaknir hafa verið frá notendum greiðsluþjónustu eða frá öðrum greiðsluþjónustuveitendum skulu teljast sértökukröfur í þrotabú greiðslustofnunar komi til gjaldþrots. Um rétt hæð þeirra fer skv. 109. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., enda sýni eigandi fjármuna fram á eignarrétt sinn að þeim.

Til fjármuna skv. 1. mgr. þessarar greinar teljast fjármunir notenda greiðsluþjónustu sem greiðslustofnun hefur í sinni vörslu og viðtakandi greiðslu hefur ekki fengið greidda við lok næstkomandi virks dags eftir viðtöku fjármunanna. Hafi þeir verið millifærðir til annars greiðsluþjónustuveitanda innan þess tímafrests er ekki gerð krafa um fjárhagslegan aðskilnað.

4. gr. *Heimilur fjárfestingar fjármuna sem teljast tryggilega varðveittir.*

Fjármunir skv. 1. mgr. 3. gr. skulu lagðir inn á fjárvörslureikning hjá fjármálafyrirtæki eða festir í öruggum, seljanlegum og áhættulitlum eignum.

Með öruggum, seljanlegum og áhættulitlum eignum skv. 1. mgr. er átt við:

- a. lausafjáreignir sem falla undir stig 1 skv. reglum Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall eða
- b. eignaliði sem falla undir einn af flokkunum sem settir eru fram í töflu 1 í 14. lið í viðauka I við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB, sbr. 55. gr. B reglna um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, nr. 215/2007, þar sem gjald fyrir tiltekið áhættufjármagn er 1,6% að hámarki, að undanskildum öðrum fullgildum liðum eins og þeir eru skilgreindir í 15. lið þess viðauka.

Til öruggra, seljanlegra og áhættulítilla eigna skv. 1. mgr. teljast einnig fjárfestingar í verðbréfasjóðum (UCITS), sem fjárfesta eingöngu í eignum sem tilgreindar eru í 2. mgr. þessarar greinar. Ef fjárfest er í verðbréfasjóðum (UCITS) skal þó bæta við 10% tryggingarálagi.

5. gr.

Yfirlýsing til Fjármálaeftirlitsins.

Greiðslustofnun skal fyrir lok aprílmánaðar ár hvert senda Fjármálaeftirlitinu, á þar til gerðu eyðublaði, sem Fjármálaeftirlitið lætur í té, yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um stöðu fjárvörslureiknings í banka þann 31. desember á liðnu ári. Staða vörslufjár á reikningum skal ekki vera lægri en staða vörslufjár samkvæmt bókhaldi.

6. gr.

Gildistaka.

Með reglum þessum eru tekin upp ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB, um greiðsluþjónustu á innri markaðnum. Reglur þessar sem settar eru með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011, öðlast þegar gildi

Fjármálaeftirlitinu, [dd. mmmm áááá]

Unnur Gunnarsdóttir

Halldóra E. Ólafsdóttir